

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu,
próf ökumanna o. fl.

1. gr.

55. gr., sbr. reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld.

1. Almenn t bifreiðastjórapróf	kr. 2 000.00
2. Próf í akstri bifhjóla	— 1 500.00
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	— 500.00
4. Próf í akstri dráttarvéla	— 1 000.00
5. Ökukennarapróf	— 7 500.00

B. Skírteinagjöld.

1. Ökuskríteini bifreiðastjóra	kr. 1 000.00
2. Skírteini til aksturs bifhjóls	— 1 000.00
3. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	— 500.00
4. Leyfi til að stýra dráttarvél	— 500.00
5. Leyfisbréf til ökukennslu	— 2 000.00

Fyrir endurnýjun skírteina, svo og samrit, skal greiða gjald samkvæmt B-lið
1.—5.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl
1968, öðlast gildi 1. júní 1976. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 229 31. desember
1965.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. maí 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 196.

24. maí 1976.

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara
27. júní 1976, rann út laugardaginn 22. þ.m.

Í kjöri til forsetaembættisins er dr. Kristján Eldjárn, núverandi forseti Íslands.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands,
nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 39 26. apríl 1963.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. maí 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.